

Nd.

145. Breytingartillögur

við frv. til laga um að verja útflutningsgjaldi af sild til hlutaruppbótar sjómönnum.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Uppbótin er aðeins til skipverja, sem tekið hafa hlut úr sildarafla, veiddum til söltunar eða sérverkunar, og skal hún skiptast jafnt milli þeirra án tillits til hlutarupphæðar hvers skipverja, þó þannig, að tekið skal tillit til þess, hvern tíma skipverjinn vann við veiðina.

2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin skipar einn mann, sjómannafélag Reykjavíkur annan og útgerðarmannafélag Akureyrar hinn þriðja í nefnd til að sjá um úthlutun uppbótarinnar. Nú verður ágreiningur um úthlutunina, og sker þá atvinnu-málaráðherra úr.